verðbréfa-markaður | lánamarkaður | lífeyris-markaður | vátrygginga-markaður

# Upplýsingaskylda útgefanda

**Barbara Inga Albertsdóttir**
**Rut Gunnarsdóttir**

**15. maí 2009**

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

---

## Yfirlit

- I. Réttarheimildir
- II. Hvaða upplýsingar á útgefandi að birta opinberlega?
- III. Framkvæmd birtingar

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



---

## I. Réttarheimildir

- Lög um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007.
- Reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum um verðbréfaviðskipti.
- Reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik.
- Reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 987/2006.

→ MAD tilskipunin; nr. 2003/6/EB.
→ Gagnsæistilskipunin; nr. 2004/109/EB.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



---

## II. Hvaða upplýsingar á að birta opinberlega?

a. Innherjaupplýsingar, skv. XIII. kafla vvl.
b. Reglulegar upplýsingar útgefanda, skv. VII. kafla vvl.
c. Aðrar skyldur útgefanda um veitingu upplýsinga skv. VIII. kafla vvl.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



---

## II. a. Birting innherjaupplýsinga

**XIII. Kafli laga um verðbréfaviðskipti**
**Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja**

- Gildissvið skv. 119. gr. vvl.
  - Ákvæði þessa kafla taka til eftirfarandi fjármálagerninga:
    1. fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi, á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum erlendum mörkuðum og fjármálagerninga sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) hér á landi og
    2. fjármálagerninga sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölul.
- Innherjaupplýsingar
- Birting innherjaupplýsinga
- Frestun á birtingu innherjaupplýsinga
- Lögmæt miðlun innherjaupplýsinga

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



---

## Innherjaupplýsingar

**120. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru...

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

## Innherjaupplýsingar eru...

1. Upplýsingar sem eru nægjanlega tilgreindar
2. Upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar
3. Upplýsingar sem varða beint eða óbeint
   a. Útgefendurna
   b. Fjármálagerninganna sjálfa
   c. Önnur atriði
4. Upplýsingar sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru



## Innherjaupplýsingar – dæmi

- Upplýsingar um aukið hlutafé
- Afkoma félagsins breytt
- Stórir samningar,
  - T.d. Ný olíulind, lyfjaleyfi, nýr vara, einkaleyfi o.s.frv.
- Yfirtökuviðræður – samrunar
- Upplýsingar um fjárhagsvanda – greiðslufall á skuldabréfum og víxlum
- Lykilstjórnandi hættir
- o.s.frv...



## Upplýsingaskylda – opinber birting

**1. mgr. 122. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

Útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), ber að **birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu** allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins **fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli**.

**s.s.**

a. Birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu
b. Eins fljótt og auðið er
c. Jafnræðisgrundvelli



## Frestun á birtingu innherjaupplýsinga

**3. mgr. - 4. mgr. 122. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

*Frestun...*

Útgefanda fjármálagerninga er á ***eigin ábyrgð*** heimilt að **fresta birtingu upplýsinga** skv. 1. mgr. til að vernda lögmæta hagsmuni útgefandans, svo framarlega sem frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar eins og kveðið er á um í reglugerð sem setja skal skv. 131. gr.

*Lögmæt miðlun innherjaupplýsinga...*

Nýti útgefandi heimild til frestunar skv. 3. mgr. er honum, eða aðila í umboði hans, aðeins heimilt að **láta þriðja aðila innherjaupplýsingarnar í té**, enda sé það gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir og móttakandi upplýsinganna er **bundinn trúnaði** um þær, svo sem samkvæmt lögum, reglugerð eða samningi.



## II. b. Reglulegar upplýsingar útgefanda

**VII. kafli laga um verðbréfaviðskipti**

- Gildissvið; 55. vvl.
  - Útgefendur hér á landi sem eru með Ísland sem heimaríki
- Undanþágur; 56. gr. vvl.
  - Ákvæði kafla þessa **gilda ekki** um ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sveitarfélög eða sambærileg svæðis- eða staðaryfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, opinbera alþjóðlega aðila sem a.m.k. eitt ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins á aðild að, seðlabanka á Evrópska efnahagssvæðinu eða Seðlabanka Evrópu.
  - Ákvæði kafla þessa **gilda ekki** um útgefanda skuldabréfa ef eingöngu skuldabréf hans hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og nafnverð eininga skuldabréfanna er að minnsta kosti jafngilt 50.000 evrum.



## Ársreikningur

**57. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

Útgefandi verðbréfa skal birta opinberlega ársreikning, eða samstæðureikning ef við á, eins fljótt og auðið er eftir lok reikningsársins og eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess. Útgefanda ber að tryggja að ársreikningur, eða samstæðureikningur ef við á, sé aðgengilegur almenningi í að minnsta kosti fimm ár.

## Árshlutareikningur

**58. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

*Árshlutareikningur vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins*

Útgefandi hlutabréfa og/eða skuldabréfa skal birta opinberlega árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eða samstæðureikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins ef við á, eins fljótt og auðið er eftir lok þess tímabils, þó eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum þess. Útgefanda ber að tryggja að árshlutareikningurinn, eða samstæðureikningurinn ef við á, sé aðgengilegur almenningi í að minnsta kosti fimm ár.



## Efni ársreiknings og árshlutareiknings

**60. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

Útgefendur verðbréfa með skráða skrifstofu á Íslandi skulu semja ársreikning, eða samstæðureikning ef við á, og árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eða samstæðureikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins ef við á, í samræmi við lög um ársreikninga.



## Greinagerð frá stjórn

**59. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

- *1. mgr.*

  <u>Útgefandi hlutabréfa</u> skal á fyrstu sex mánuðum reiknings-ársins og aftur á síðari sex mánuðum reikningsársins birta opinberlega greinargerð frá stjórn útgefandans. Greinargerð frá stjórn skal *fela í sér* skýringu á mikilvægum atburðum og viðskiptum sem átt hafa sér stað á viðkomandi tímabili og lýsingu á áhrifum þeirra á fjárhagsstöðu útgefanda, og dótturfélaga hans ef við á, auk almennrar lýsingar á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu útgefanda, og dótturfélaga hans ef við á, á viðkomandi tímabili.
- *2. mgr.* Birting
- *3. mgr.* Undantekning



## II. c. Aðrar skyldur um veitingu upplýsinga

**VIII. kafli laga um verðbréfaviðskipti**

- <u>Gildissvið og undanþágur; 66. gr. – 67. gr. vvl.</u>
  - Útgefendur hér á landi sem eru með Ísland sem heimaríki
  - Ekki eru sömu undanþágur gerðar frá gildissviði þessa kafla og frá kafla VII.



## Viðbótaupplýsingar

**1. mgr. 68. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

Útgefandi verðbréfa skal <u>án tafar</u> eftir **útgáfu nýrra lána** birta opinberlega útgáfurnar og skal geta sérstaklega um <u>ábyrgðir eða tryggingar</u> vegna þeirra.



## Viðbótaupplýsingar

**2. mgr. 68. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

Útgefandi verðbréfa, annarra en hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal án tafar birta opinberlega upplýsingar um <u>allar breytingar á réttindum handhafa verðbréfanna</u> annarra en hlutabréfa, þar á meðal breytingar á skilmálum og skilyrðum verðbréfanna, sérstaklega þær sem stafa af breytingum á lánaskilmálum eða vöxtum, sem gætu haft óbein áhrif á réttindin.

## Viðbótaupplýsingar

**3. mgr. 68. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

Útgefandi hlutabréfa skal án tafar birta opinberlega upplýsingar um allar breytingar á réttindum sem fylgja mismunandi flokkum hlutabréfa, þar á meðal breytingar á réttindum sem fylgja afleiddum verðbréfum sem útgefandinn gefur út sjálfur og veita rétt til að afla hluta í honum.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ 19

## Viðbótaupplýsingar

**4. mgr. 68. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

Ábyrgð á því að upplýsingar skv. 1.–3. mgr. séu teknar saman og gerðar opinberar hvílir á útgefanda.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ 20

## Breytingar á stofnsamningi eða samþykktum

**69. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

Útgefandi verðbréfa sem hyggst gera breytingar á stofnsamningi sínum eða samþykktum skal senda drög að breytingunum til Fjármálaeftirlitsins og skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf hans hafa verið tekin til viðskipta. Drögin skulu send án tafar en eigi síðar en þann dag sem boðað er til fundar þar sem greiða skal atkvæði um breytingarnar eða kynna þær.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ 21

## Hlutabréf

**70. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

1. mgr.; Útgefandi hlutabréfa skal tryggja jafnræði allra eigenda hluta í sömu stöðu

2. mgr.; Útgefandi hlutabréfa skal ekki standa í vegi fyrir því að eigendur hluta neyti réttinda sinna með því að veita öðrum umboð.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ 22

## Hlutabréf

3. mgr. 70. gr. laga um verðbréfaviðskipti

Útgefandi hlutabréfa skal tryggja að allar *upplýsingar* sem eigendum hluta eru *nauðsynlegar* til að geta neytt réttinda sinna séu **aðgengilegar** í heimaríki útgefandans og að **áreiðanleiki upplýsinganna sé tryggður**.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ 23

## Hlutabréf

Útgefandi hlutabréfa skal einkum:

1. veita upplýsingar um staðsetningu, tíma og dagskrá funda ásamt upplýsingum um heildarfjölda hluta og atkvæðisrétt, og rétt eigenda hluta til að taka þátt í fundum,
2. gera umboðseyðublað aðgengilegt á pappír eða með rafrænum hætti fyrir hvern þann aðila sem á rétt á að greiða atkvæði á fundinum, annaðhvort í tengslum við auglýsingu fundarins eða samkvæmt beiðni eftir að fundurinn hefur verið auglýstur,
3. tilnefna fjármálafyrirtæki, eða fyrirtæki tengt fjármálasviði, sem umboðsmann sinn til að hafa milligöngu um að eigendur hluta geti neytt fjárhagslegra réttinda sinna í útgefandanum, og
4. veita upplýsingar, svo sem með dreifibréfi eða auglýsingu, um úthlutun og greiðslu arðs og útgáfu nýrra hluta, þ.m.t. upplýsingar um fyrirkomulag úthlutunar, áskriftar, afturköllunar eða breytiréttar.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ 24

## Skuldabréf

**71. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

*1. mgr.*

Skuldabréf merkir í þessari grein skuldaviðurkenningu, eða skuld samkvæmt annars konar verðbréfum, að *undanskildum* annars vegar verðbréfum sem jafna má til hlutabréfa í félögum eða sem geta af sér rétt til að afla hluta eða verðbréfa sem jafna má til hlutabréfa, ef þeim er umbreytt eða ef réttindum samkvæmt þeim er beitt, og hins vegar peningamarkaðsskjölum með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir.



## Skuldabréf

**71. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

*2. mgr.*

Útgefandi skuldabréfa skal tryggja að allir handhafar skuldabréfa sem metin eru jafngild njóti sömu meðferðar varðandi sérhver réttindi er fylgja skuldabréfunum.

*3. mgr.*

Útgefandi skuldabréfa skal ekki standa í vegi fyrir því að handhafar skuldabréfanna neyti réttinda sinna með því að veita öðrum umboð.



## Skuldabréf

71. gr. laga um verðbréfaviðskipti

*4. mgr.*

Ef útgefandi skuldabréfa **ákveður að halda fund** með handhöfum skuldabréfanna skal hann **veita þeim upplýsingar**, svo sem með **auglýsingu eða dreifibréfi**, um staðsetningu, tíma og dagskrá fundarins ásamt upplýsingum um hvaða kröfum handhafarnir skuli fullnægja til að mega taka þátt í fundinum. Enn fremur skal útgefandi gera umboðseyðublað aðgengilegt á pappír eða með rafrænum hætti fyrir hvern þann aðila sem á rétt á að greiða atkvæði á fundinum annaðhvort í tengslum við auglýsingu fundarins eða samkvæmt beiðni eftir að fundurinn hefur verið auglýstur.



## Skuldabréf

71. gr. laga um verðbréfaviðskipti

*5. mgr.*; Útgefandi skuldabréfa skal, svo sem með auglýsingu eða dreifibréfi, upplýsa handhafa skuldabréfa um greiðslu vaxta, um framkvæmd hvers konar breytiréttar, skipta, áskriftar eða afturköllunar á réttindum og greiðslu.

*6. mgr.*; Útgefandi skuldabréfa skal tilnefna fjármálafyrirtæki, eða fyrirtæki tengt fjármálasviði, sem umboðsmann sinn til að hafa milligöngu um að handhafar skuldabréfa geti neytt fjárhagslegra réttinda samkvæmt skuldabréfunum.

*7. mgr.*; Ákvæði þessarar greinar taka ekki til skuldabréfa sem gefin eru út af ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sveitarfélagi eða sambærilegu svæðis- eða staðaryfirvaldi á Evrópska efnahagssvæðinu.



# III. Framkvæmd birtingar



## Opinber birting

Útgefandi skal birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar samkvæmt köflum VII-IX. og VIII. eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

## Opinber birting

1. Upplýsingum skal dreift með þeim hætti að þær ná til eins margra og kostur er í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu
2. Upplýsingarnar skulu sendar fjölmiðlum í óstyttum orðréttum texta
3. Upplýsingar skulu sendar fjölmiðlum með aðferð sem tryggir örugg samskipti, lágmarkar hættu á óheimilum aðgangi og veitir fullvissu um uppruna upplýsinganna.
4. Upplýsingar skulu bera eftirfarandi skýrleika með sér...
   1. að um upplýsingar sem skylt er að birta opinberlega sé að ræða
   2. hver viðkomandi útgefandi er
   3. efni upplýsinganna og
   4. Tímasetningu og dagsetningu miðlunar þeirra

→ Sjá reglugerð nr. 707/2008, III. kafli.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



## Miðlæg varðveisla

**136. gr. laga um verðbréfaviðskipti**

Fjármálaeftirlitið, eða aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, skal varðveita upplýsingar sem birtar eru opinberlega í samræmi við ákvæði VII., VIII., IX. og XIII. kafla með rafrænum hætti í miðlægu geymslukerfi.

Miðlæga geymslukerfið skal uppfylla kröfur um öryggi, áreiðanleika um hvaðan upplýsingar eru upprunnar, tímaskráningu og auðveldan aðgang fyrir notendur.

→ www.oam.is

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



## Að lokum...

- **Ábyrgð** á því að upplýsingar séu teknar saman og gerðar opinberar hvílir á útgefanda

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Spurningar og ábendingar:

barbara@fme.is

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



| | |
|---|---|
| verðbréfa-markaður | lánamarkaður |
| lífeyris-markaður | vátrygginga-markaður |

# Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu útgefenda

Rut Gunnarsdóttir hdl.
15. maí 2009

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

## Yfirlit

I. Viðurlagamál og úrræði FME

II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu útgefenda

III. Ýmis viðurlagamál - dæmi

IV. Lokaorð

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

# I. Viðurlagamál og úrræði FME

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

37

## I. Viðurlagamál og úrræði FME

- Tugir mála á ári hverju - uppruni margvíslegur:
  - Frumkvæði FME
    (reglulegar athuganir, on-site, off-site, skýrsluskil ofl.)
  - Ábendingar frá Kauphöll
  - Erindi viðskiptamanna/samkeppnisaðila
  - Ábendingar regluvarða
  - Erindi annarra stjórnvalda eða eftirlitsstofnana
    (t.d. erlendra systurstofnana)
  - Fjölmiðlaumfjöllun...

38

## I. Viðurlagamál og úrræði FME

- Ferli viðurlagamála:
  - Frumathugun
  - Þarf að afla frekari gagna?
  - Víðtæk gagnaöflunarheimild FME í 2. mgr. 133. gr.:
    - lögaðilar
    - einstaklingar
    - upplýsingar/gögn (skrifleg, rafræn, símtöl)
    - skýrslutökur
  - Er mál fullrannsakað?
  - Í hvaða farveg fer málið? Hjá FME? Lögreglu?

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

39

## I. Viðurlagamál og úrræði FME

- XV. kafli vvl.: Stjórnvaldssektir - Sektir – Fangelsi
- Brot og viðurlög flokkuð eftir alvarleika:
  - Flest brot varða eingöngu stjórnvaldssektum (44)
  - Nokkur brot varða stjórnvaldssektum, sektum eða fangelsi allt að 2 árum (21)
  - 3 brot varða stjórnvaldssektum, sektum eða fangelsi allt að 6 árum

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

40

## I. Viðurlagamál og úrræði FME

- Fyrsta stjórnvaldssektarheimildin í eldri lögum um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003
  - Takmörkuð heimild – tilkynningarskyldubrot
- Lög nr. 55/2007 (efnahagsbrotafrumvarpið) – tóku gildi í apríl 2007
  - Stjórnvaldssektarheimildir í mun fleiri tilvikum...

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

41

## I. Viðurlagamál og úrræði FME

- Lög nr. 55/2007 – nýmæli:
  - Stjórnvaldssektir meginreglan
    - Mun fleiri brot sett þar undir
    - Líka alvarlegustu brotin, s.s. mm og ihsvik
  - Refsiábyrgð afmörkuð nákvæmar
  - Sáttaheimild
  - Þagnarréttur
  - Bann við tvöfaldri málsmeðferð

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

42

## I. Viðurlagamál og úrræði FME

- Mál til athugunar á verðbréfasviði á sl. starfsári: (FYRIR BANKAHRUN!)
  - 19 innherjaviðskiptamál -> 15 lokið með stjórnvaldssektum
  - 3 flöggunarmál -> öllum lokið með stjórnvaldssektum
  - 6 markaðsmisnotkunarmál -> 1 vísað til RLS, 4 lokið án viðurlaga, 1 enn í athugun
  - 4 innherjasvikamál -> 2 enn í athugun en 2 lokið án frekari aðgerða
  - 3 Yfirtökumál -> Ekki tilefni til aðgerða
  - 2 útboðsmál -> Athugasemdir
  - Fjöldi mála vegna erlendra aðila sem boðið hafa fjármálaþjónustu án starfsleyfis

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

43

## I. Viðurlagamál og úrræði FME

- Breytingar á tegundum brota árið 2009:
  - Fækkun brota á tilkynningar- og birtingarskyldu
  - Mikil fjölgun brota á 7. og 8. kafla vvl. um upplýsingaskyldu útgefenda
- Breyting á viðurlagaferli:
  - Sáttaboð aukist í einföldustu brotunum
  - Ekki alvarleg brot, lægri fjárhæð, fljótlegt úrræði

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

44

# II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu útgefenda

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

45

## II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu

**135. gr. vvl.**

*Eftirlit með opinberri birtingu upplýsinga.*

FME skal fylgjast með því að útgefendur birti upplýsingar skv. 7., 8. og 9. kafla **tímanlega** með það að markmiði að sjá til þess að almenningur á EES-svæðinu hafi virkan og **jafnan aðgang** að þeim

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

46

## II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu

**6. mgr. 133. gr. vvl.**

*Almennt eftirlit*

Telji FME að ekki hafi verið farið að reglum um opinbera birtingu upplýsinga skv. 25. gr. og 7., 8. og 9. kafla er því heimilt að grípa til nauðsynlegra **ráðstafana** til að almenningur sé réttilega upplýstur.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

47

## II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu

**15. kafli vvl. um viðurlög.**

- 141. gr. stjórnvaldssektir=> 23 brot
- 142. gr. sátt=> einföldustu brotin
- 145. gr. sektir eða fangelsi allt að 2 ár=> 5 brot (árleg upplýsingagjöf, flöggun, innherjaupplýsingar)

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

48

## II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu

**Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi**:

- Athugasemdir og úrbætur, 10. gr.
- Févíti og dagsektir, 11. gr.
- Opinber birting niðurstaðna – gagnsæisstefnan, 9. gr. a



## II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu

**1. Stjórnvaldssektir - 141. gr.**

- Ákveðnar af stjórn FME
- Einstaklingar 10 þús. – 20 m.kr.
- Lögaðilar 50 þús. – 50 m. kr.
- Fjárhæð ræðst af alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja og hvort brot sé ítrekað
- Renna í ríkissjóð – aðfararhæfar





## II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu

**1. Stjórnvaldssektir frh.**




- Beitt óháð því hvort brot sé framið af ásetningi eða gáleysi
- Sektað fyrir brot vegna mistaka, misskilnings o.þ.h. af hálfu hins brotlega
- Saknæmisstig getur þó haft áhrif á fjárhæð



## II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu

**2. Sáttamál – 142. gr.**

- FME er heimilt að ljúka máli með sátt, nema um meiri háttar brot sé að ræða
- Reglur nr. 1245/2007
- Einfalt og stutt ferli
- Afsláttur af sektarfjárhæð
- Bindandi fyrir aðila
- Ef ný gögn koma fram=> FME má taka til athugunar





## II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu

**2. Sáttamál frh.**

- Mikill fjöldi sáttamála vegna brota á upplýsingaskyldu sl. mánuði
- T.d. 58., 62., 68. og 122. gr.
- Hér getur saknæmi skipt miklu máli:
  - ekki aðeins v/fjárhæð
  - líka varðandi hvort unnt sé að bjóða sátt – alvarleiki brots



## II. Viðurlög vegna brota á upplýsingaskyldu

**3. Refsimál – 145. gr.**

- **Meiri háttar** brotum ber FME að vísa þeim til RLS, 148. gr. vvl.
- FME metur hvort brot sé meiri háttar:
  - verulegar fjárhæðir,
  - sérstaklega vítaverð háttsemi eða
  - aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins
- Mikilvægt að hér standi "eða"; þarf því t.d. ekki alltaf að vera um verulegar fjárhæðir að ræða

**3. Refsimál frh.**

- Refsimál er varða upplýsingaskyldu útgefenda:
  - 48. gr. um árlega upplýsingagjöf
  - 78., 79. og 93. gr. um flöggunarskyldu
  - 122. gr. um upplýsingaskyldu v/innherjaupplýsinga





**3. Refsimál**

- Sektir eða fangelsi allt að 2 árum
- Ekki skiptir máli hvort brot hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi
- Upptaka beins eða óbeins hagnaðar
- Tilraun eða hlutdeild er refsiverð





**Gagnsæisstefna FME**

- Ein af mikilvægustu heimildum FME
- FME heimilt að birta opinberlega niðurstöður
- 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Var áður 130. gr. vvl.







"Fjármálaeftirlitinu er **heimilt að birta opinberlega** niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lögum þessum, **nema** ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar."





**Gagnsæisstefna FME**

- Gagnsæistilkynningar birtar á heimasíðu FME

**"GAGNSÆI"**

- Gagnsæisstefna FME birt á heimasíðu FME – í endurskoðun
- Hagsmunamat hverju sinni





**Gagnsæisstefna FME**

- Meginreglan er birting eftir að athugun er lokið, t.d. þegar máli er vísað til lögreglu
- Birt hefur verið 3 mánuðum eftir ákvörðun/nst.
- Ath. sáttir falla líka undir gagnsæisstefnuna

**Mikil varnaðaráhrif !**

# III. Ýmis viðurlagamál - dæmi

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

61

## III. Ýmis viðurlagamál - dæmi

Dæmi um brot:



- Einungis birt innanlands – ekki á EES-svæðinu
- Ekki birt tilkynning vegna breytinga á vaxtagjalddaga
- Ekki birtar upplýsingar í lýsingu um væntanlega endurfjármögnun
- Ekki birt að samið hafi verið við kröfuhafa vegna gjaldfallinna skuldabréfa – ekki nóg að kröfuhafar viti um slíkt; allur markaðurinn

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

62

## III. Ýmis viðurlagamál - dæmi

Ýmis brot gegn 122. gr. vvl.

- Ekki birtar upplýsingar um aukið stofnfé
- Upplýsingar um greiðslufall birtar of seint
- Ekki birtar upplýsingar um alvarlegan fjárhagsvanda, t.d. greiðslufall á skuldabréfum og víxlum
- Ákvörðun um frestun á birtingu innherja-upplýsinga ekki tekin með fullnægjandi hætti...

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

63

## III. Ýmis viðurlagamál - dæmi

Nánar um **frestun** á birtingu innherjaupplýsinga:

- Ítarlegar fjallað um 3. mgr. 122. gr. vvl. í 6. gr. reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik
- Frestunin má ekki vera líkleg til að villa um fyrir almenningi
- Útgefandi verður að geta tryggt trúnað um upplýsingarnar
- Ávallt á ábyrgð útgefanda

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

64

## III. Ýmis viðurlagamál - dæmi

- FME hefur sektað í nokkrum málum vegna brota á 122. gr. vvl.
- Hæsta sekt sem FME hefur ákveðið var vegna brots á 122. gr.; 20 m. kr.
- Önnur 10 m. kr. sekt vegna brots á 122. gr. auk annarra ákvæða

=> **Mikilvægar upplýsingar sem eru nauðsynlegar markaðnum**

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

65

# Nokkur lokaorð...

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

66

## IV. Lokaorð

- **Ströng eftirfylgni af hálfu FME**
  - Sektað fyrir gáleysi og mistök
  - FME hefur frá árinu 2004 sektað í um 70 málum + sáttamál
  - Sektarfjárhæðir hafa farið hækkandi

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

67

## IV. Lokaorð

- Mikil fjölgun brota á upplýsingaskyldu
- Fyrirtæki í fjárhagslegum erfiðleikum
- Markaðir óstöðugir

- **Mikilvægi þess að félög sinni upplýsingaskyldu sinni þó svo erfiðleikar séu til staðar**

- **Mikilvægi hlutverks regluvarðar**;
  "Eru innherjaupplýsingar til staðar hjá félaginu?"

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

68

Spurningar eða ábendingar:
rut@fme.is
eða
fme@fme.is

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ